

**Name of the University: ESC-Troyes**  
**Names of the students: Hrafnhildur Eva Guðmundsdóttir**  
**Exchange semester: haust 2009**

## **I GENERAL INFORMATION ABOUT THE SCHOOL**

1. Describe the school and its surroundings – very short  
Skólinn er lítill sem gerir hann þó mjög viðkunnanlegan. Starfsfólkið á alþjóðaskrifstofunni er mjög kurteist og hjálpsamt. Klósettin voru samt frekar skítug og raki inn í skólanum.
2. Current faculty divisions and special areas.  
?
3. Number of students - graduate and undergraduate – number of exchange students  
Ég held það hafi verið um 1000 nemendur í skólanum en ég er alls ekki viss. Ég veit þó að það voru 200 skiptinemar.
4. Study structure  
Fyrirlestrar á daginn. Þetta skiptist upp í að vera 3 klst. fyrir hádegi og 3 klst. eftir hádegi. Stundum varstu bara fyrir eða eftir hádegi eða allan daginn. Maður fékk hlé á 1,5 klst. fresti. Hádegismaturinn er 1klst. en röðin í matsalnum er 15-30 mínútur.

## **II PRACTICAL INFORMATION**

### Information before you left

- When did you receive the information package from the University?  
Einhverjum vikum áður en ég fór. Hann var mjög góður og ég fékk svakalega góðar upplýsingar um hvernig ég átti að koma mér frá París til Troyes. Svo var tekið á móti mér.
- Any difficulties?  
Nei, ekkert mál.

### Visa Procedure and travel experiences

- What problems, if any did you encounter?
- Does the visa cost anything?  
Maður þarf ekki Visa í Frakklandi.
- How did you order your ticket – any problems?  
Keypti hann á netinu. Nei, engin vandamál.

### Academic Calendar

- Arrival date – introductory week  
Ég kom 1.september og það var kynningarvika fyrstu vikuna í september (3.sept byrjaði hún).
- First day of the semester?  
7. september.
- Last day of classes?  
Ég var að taka lokapróf í gær 12. janúar. Síðasti dagurinn, sem ég var í skólanum, var 16. desember en önninni lýkur ekki fyrr en í lok janúar. Ég þurfti að fara fyrr úr skólanum vegna þess að HR byrjar 11. janúar. Ég valdi þá áfangana mína þannig að öll kennsla væri búin í desember áður en ég þyrfti að fara heim.
- Examination period?  
Enginn sérstakur. Þetta er kennt í áföngum. Tek próf í lok hvers áfanga.

- Any special events?  
Nemendafélagið er mjög öflugt. Alþjóðadeildin tók þátt í að setja upp viku þar sem skiptinemar kynntu löndin sín.

#### Reception

- How was the reception at the school?  
Ég þurfti aldrei að nota hana. Talaði bara við alþjóðaskrifstofuna.
- Was the administration and faculty well prepared for your arrival?  
Já, þau voru það.
- Did the school's students participate in the reception of the exchange students?  
Já, það voru nemendur sem t.d. sóttu mig á lestarstöðina. Inter3 heitir félagið, sem nemendur eru í, í sambandi við skiptinemana.  
Það átti að hafa svona buddy-system eins og í HR en það klúðraðist algjörlega hjá skólanum.

#### Housing

- Did you have housing at your disposal or did you have to find your own housing?  
Skólinn sá um að finna húsnæði handa mér.
- What support did you receive from the school in locating housing?  
Þau sáu algjörlega um þetta.
- Any special issues or good ideas for prospective students?  
Ekki reikna með að fá húsaleigubæturnar greiddar strax. Kerfið er ofboðslega seinlegt.

#### Costs

- Describe the most important expenses such as rent, books, food, etc.  
Húsaleiga og matarkostnaður eru stærstu útgjöldin. Þarft ekki að kaupa bækur. Svo fer bara eftir hverjum nemanda fyrir sig hvort hann vill fara í skólaferðalag eða ekki og þau kosta öll eitthvað en alls ekki mikið.

#### The International Office

- Is there an international office?  
Já.
- Who is responsible for incoming exchange students?  
Þær eru nokkrar og löndunum er skipt á þær. Mín heitir Alexandra.
- How does the international office function?  
Þú getur komið þarna á opnunartímum sem er svipaður og skólinn og fengið að tala við þær. Einnig geturðu hringt og sent e-mail. Þau svara e-mailum ágætlega hratt. Betra samt bara að fara og tala við þær.
- Do you receive all relevant information?  
Já, ég tel það.

#### Exchange promotion

- What kind of activity did you take part in to promote exchange to Iceland at your exchange university?  
Ég tók þátt í alþjóðlegu vikunni. Ég var með bás og var með fartölvu sem spilaði íslenska tónlist, myndir af Íslandi. Svo var ég með harðfisk, jólaköku, kleinur og 3 tegundir af íslensku súkkulaði, allt þetta fékk ég sent að heiman. Einnig var ég með bæklinga um Ísland, Reykjavík og HR, ýmist sent að heiman eða frá alþjóðaskrifstofunni.  
Einnig hélt ég 15 mínútna fyrirlestur um landið, Reykjavík, HR og ýmsar upplýsingar fyrir ferðamenn og námsmenn.

### Social Activities

- How is your relationship with other students?  
Þeir eru örugglega finir en maður blandaðist þeim ekki þar sem að ég var í tímum sem voru aðallega skiptinemar í. Svo voru kvöld fyrir skiptinema og ferðir fyrir skiptinema þannig að það var lítið tækifæri á að kynnast Frökkunum en ég kynntist alveg einhverjum.
- How is the relationship among the exchange students?  
Ég kynntist aðallega skiptinimum þar sem ég var með þeim í tímum og skemmtunum. Ég eignaðist góða vini.
- Is there a student organization, and if so, are the exchange students part of it?  
Já, það er þannig. Það er Inter3 sem sér um Erasmus nemendur og þú getur fengið að taka þátt í því ef þú vilt.
- Are there any special activities and gatherings for exchange students?  
Já, öll miðvikudagskvöld, þá er eitthvað sérstaklega fyrir skiptinema. Svo allar skólaferðirnar um Frakkland og fleira.
- How do you like it at the school?  
Kenslan var fín en skólinn hefði mátt vera snyrtilegri.

### Culture and Language

- Do you have any language problems with the faculty or other students?  
Nei.
- How are the possibilities to experience the country and the culture?  
Mjög góðir möguleikar. Það fer bara eftir hverjum og einum hve mikið hann vill komast í tæri við menningu og ferðalög.

### Cultural and Social Effects from the Exchange Experience

- How do you think the exchange experience will affect you from a cultural and social point of view?  
Ég er búin að læra mikið um fólk af öðru þjóðerni sem hjálpar manni að skilja ýmislegt. Ég sé suma hluti frá öðru sjónarhorni og hve ofboðslega mikið Ísland og Íslendingar eru þróuð og menntuð þjóð. Það einhvern veginn kom fram í öllu.
- How do you think the exchange experience influences your future career possibilities?  
Ég skil hvernig á að tjá og koma fram við fólk af öðru þjóðerni. Hvað þykir dónalegt og kurteist, þannig að ég væri góð í samskiptum við umheiminn. Svo auðvitað styrktist ensku- og frönskukunnáttan mín.

## **III ACADEMIC INFORMATION**

### The Teaching situation

- In which language are the courses taught? Any problems?  
Ég valdi áfanga á ensku. Það var mjög ósanngjarnt að þar sem þetta voru tímar kenndir á ensku þá átti allt að vera á ensku (eins og gert er í HR) en frönsku nemendurnir fengu allt á móðurtungumálinu og áttu því auðveldara með allt námið og fengu hærrí einkunnir en margir sem er auðvitað dónaskapur og svakaleg mismunun og gerði marga skiptinemana reiða. Sumir kennararnir vildu varla tala ensku þótt þeir væru skráðir að kenna þessa áfanga á ensku sem mér finnst einnig mjög einkennilegt og aftur, frekar dónalegt.  
Mínir kennarar kenndu sem betur fer á ensku en það var oft verið að gera hlutina auðveldari fyrir frönsku nemendurna.
- How would you evaluate the level of study in relationship to the level at RU?  
Mun auðveldara en HR. Ekki eins mikil verkefnavinna og þú ert mun meira metin eftir þátttöku í tíma og fyrir að hafa reynt.

- Is the teaching primarily practical or theoretical?  
Practical.
- Are the professors using cases, group work or lectures (or a mix)?  
Blandað.
- How is the workload compared to that at RU?  
Nei, engan veginn. Enda HR mesti álagsskóli á Íslandi, þannig að það er dálítið erfitt að fara að bera HR saman við aðra skóla. Vinnuálag HR miðað við t.d. Hí er ótrúlega ójafnt, svo mun meira álag og kennsla og verkefni í HR.
- How is the relationship between faculty and students?  
Ágætt. Máttir senda þeim tölvupóst og gast talað við þá eftir tímana. Þeir eru mjög góðir kennarar, vita um hvað þeir eru að tala.
- What is the relationship between the students in the classroom?  
Það var nú bara vandamál í öllum tímum í skólanum hvað frönsku nemendurnir eru agalausir og var þeim oft hent út úr tímum og það truflaði okkur hin mjög mikið. Það vantar að kennararnir hafi meiri aga á þeim. Það eru liggur við að þeir séu syngjandi inni í kennslustofunum.

#### Required Literature

- Is the literature in English?  
Já, en við vorum ekki látin lesa bækur. Bara ljósrit.
- How do you estimate the level of the literature?  
Bara eins og annars staðar. Þetta voru allt ritskoðaðar greinar o.þ.h.
- Is the literature used for detailed knowledge or a broad overview?  
Bæði.
- Is exam based on the literature or on the lectures?  
Bæði. Byggt á öllu sem fer fram.

#### Exams

- What types of exams were you given?  
Skrifleg, örfáum sinnum með krossum. Stundum var prófið líka að leysa verkefni í tímanum með öðrum nemanda.
- What knowledge level was required to pass the exams?  
Þarft að fá yfir 5 eða F.

#### Other

- Do students have easy access to the library and it's resources?  
Já.
- How is the access to the computers?  
Það voru nokkrar tölvustofur og svo gastu farið í tölvur á göngunum þannig að það var fín aðstaða. Svo gastu verið með þína eigins fartölvu.
- How is IT used in the teaching or as a distributor of information?  
Þau eru með einskonar innranet sem er samt ekki mjög skilvirkt. Þau eru samt ennþá mikið í að dreifa allt á blöðum og láta þig fá sömu hlutina aftur og aftur til öryggis á pappír. Vilja ekki mikið að þú sendir þeim verkefni á tölvutæki, alltaf pappír. Svo mikil skriffinska.

#### Description of Courses

Please list all the courses you are taking in the form below:

- Name and code of the course
- Prerequisites, if any

- Exam form
- Comments: Relevance, Difficult/easy, Practical/theoretical, Enrolment problems

Example:

Course name:	Prereq.	Exam	Major at RU	Approved as (Common/elective/extra)
1234 finance	None	Written	Finance	Elective

French as a foreign language, semester 1 (LFR102I01)	The intensive seminar	Written and oral		Val
Marketing of biotechnical products (BIO201S01)	None	Assignment		Val
Ethics and international business law (DRT40B02)	None	Assignment, written and oral.		Val
Contemporary economics problems (ECO331B01)	None	Written.		Val
French as a foreign language. Intensive seminar. (LFR101I01)	We had to take a evaluation test to divide us into groups.	Written and oral.		Val
Strategic marketing (MAM201B01)	None	Written assignment and a powerpoint presentation		Val
Basics of event marketing (EMVOL2G1)	None	Written, in groups of two		Val
Customer relationship managment (EMVOL4GC)	None	Written		Val

---

Please fill in all the courses you have taken

Any other experiences:

Names and e-mails:

The International Office will appreciate if you will inform about your e-mail addresses, so that other students can contact you for more information.

Hrafnhildurg07(hja)ru.is